# Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

06 310

## Ársreikningur 2018

## Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns | 2 |
| Yfirlit um afkomu ársins | 3 |
| Efnahagsreikningur | 4 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 5 |
| Skýringar | 6 |

**Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**
**kt. 531006-2320**
**Hverfisgötu 115, 150 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli lögreglulaga.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 9 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Stofnunin sér um löggæslu í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Mosfellsbæ, Seltjarnarnes og Kjósarhrepp. Hjá embættinu starfa rétt um 300 lögreglumenn og tæplega 90 starfsmenn í öðrum störfum.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 5211,1 milljónir og afkoma kr. -39,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -150,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 755,3 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík 8. október 2019

Staður, dags.

Forstöðumaður

## Yfirlit um afkomu ársins 2018

| | Skýr | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 3 | 4.960.300.000 | 4.646.756.710 |
| Seld þjónusta | 4 | 192.884.845 | 151.161.574 |
| Vörusala | | 1.562.088 | 1.675.493 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 5 | 6.552.515 | 18.654.417 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 3 | 49.829.596 | 39.553.432 |
| **Tekjur samtals** | | 5.211.129.044 | 4.857.801.626 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 6 | 4.315.062.343 | 4.080.276.598 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7 | 885.809.105 | 843.668.538 |
| Afskriftir | 8 | 49.829.596 | 39.553.432 |
| **Gjöld samtals** | | 5.250.701.044 | 4.963.498.568 |
| **Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði** | | (39.572.000) | (105.696.942) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður | | 2.180 | 55.937 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | 9 | (125.762) | (118.940) |
| | | (123.582) | (63.003) |
| **Afkoma ársins** | | (39.695.582) | (105.759.945) |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2018

| | Skýr | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 10 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | | 178.184.156 | 186.358.709 |
| Farartæki og vélar | | 1.167.949 | 1.380.303 |
| | | 179.352.105 | 187.739.012 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 179.352.105 | 187.739.012 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | | 14.708.479 | 0 |
| Viðskiptakröfur | 11 | 1.246.785 | 4.586.426 |
| Tengdir aðilar | 12 | 518.509.734 | 503.463.716 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | | 1.059.705 | 870.949 |
| Handbært fé | 13 | 40.420.382 | 44.404.910 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 575.945.085 | 553.326.001 |
| **Eignir samtals** | | 755.297.190 | 741.065.013 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 14 | | |
| Hrein eign | | (150.780.614) | (111.085.032) |
| **Eigið fé samtals** | | (150.780.614) | (111.085.032) |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar | 12 | 127.867.918 | 53.311.371 |
| Viðskiptaskuldir | | 30.178.449 | 36.133.182 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 15 | 556.020.981 | 574.966.480 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | 16 | 192.010.456 | 187.739.012 |
| | | 906.077.804 | 852.150.045 |
| **Skuldir samtals** | | 906.077.804 | 852.150.045 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 755.297.190 | 741.065.013 |
| **Aðrar upplýsingar** | 17 | | |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2018

| | Skýr | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | (39.695.582) | (105.759.945) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 8 | 49.829.596 | 39.553.432 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (49.829.596) | (39.553.432) |
| | | (39.695.582) | (105.759.945) |
| Breyting rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur | | 3.150.885 | 3.639.845 |
| Tengdir aðilar | | 59.510.529 | (8.675.649) |
| Birgðir | | (14.708.479) | 0 |
| Skammtímaskuldir | | (24.900.232) | 93.578.717 |
| | | 23.052.703 | 88.542.913 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | (16.642.879) | (17.217.032) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 10 | (41.479.074) | (106.043.290) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | | 37.425 | 0 |
| | | (41.441.649) | (106.043.290) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Fjárfestingarframlag | | 54.100.000 | 106.043.290 |
| | | 54.100.000 | 106.043.290 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | (3.984.528) | (17.217.032) |
| Handbært fé í byrjun árs | | 44.404.910 | 61.621.942 |
| **Handbært fé í árslok** | | 40.420.382 | 44.404.910 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

| | |
|---|---|
| Áhöld og búnaður ........ | 3-10 ár |
| Farartæki og vélar ........ | 8-15 ár |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

**Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

**Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

**Lántaka**

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði, að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði og mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er færður í yfirlit um afkomu að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

### 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

## Skýringar

### 3 Tekjufærsla fjárveitinga

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Fjárveiting ársins | 4.977.700.000 | 4.752.800.000 |
| Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga | (17.400.000) | (104.578.505) |
| Aðrar breytingar fjárheimilda | 0 | (1.464.785) |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 4.960.300.000 | 4.646.756.710 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 49.829.596 | 39.553.432 |
| | 5.010.129.596 | 4.686.310.142 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum | 4.847.000.000 | 0 | 0 | 4.847.000.000 |
| Launbætur | 42.800.000 | 0 | 0 | 42.800.000 |
| Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting | (17.400.000) | 0 | 0 | (17.400.000) |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | 87.900.000 | 0 | 0 | 87.900.000 |
| **Fjárveiting til tekna** | **4.960.300.000** | **0** | **0** | **4.960.300.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi | (4.999.995.582) | 0 | 0 | (4.999.995.582) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **(39.695.582)** | **0** | **0** | **(39.695.582)** |

### 4 Seld þjónusta

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Ýmsar þjónustutekjur | 192.882.025 | 151.161.574 |
| Veitinga- og gistiþjónusta | 2.820 | 0 |
| | 192.884.845 | 151.161.574 |

### 5 Framlög og ýmsar tekjur

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Kostnaðarhlutdeild | 832.476 | 832.476 |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir | 0 | 2.017.051 |
| Ýmsar tekjur | 5.720.039 | 15.804.890 |
| | 6.552.515 | 18.654.417 |

### 6 Laun og launatengd gjöld

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Laun | 3.450.913.782 | 3.259.204.412 |
| Orlof, breyting | 28.642.173 | 50.796.876 |
| Launatengd gjöld | 799.661.916 | 754.990.928 |
| Starfsmannakostnaður | 35.844.472 | 15.284.382 |
| | 4.315.062.343 | 4.080.276.598 |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 363 | 358 |

## Skýringar

| 7 Annar rekstrarkostnaður | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 8.438.004 | 7.948.613 |
| Byggingarvörur, almennar | 1.094.113 | 490.690 |
| Byggingarvörur, aðrar | 0 | 1.527.070 |
| Tæki og búnaður til innréttinga | 609.354 | 468.201 |
| Ýmis tæki og áhöld | 11.954.307 | 17.042.042 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 1.630.985 | 1.396.566 |
| Orkugjafar | 28.427.329 | 25.366.397 |
| Matvæli | 60.553.673 | 57.226.057 |
| Almennar rekstrarvörur | 29.660.023 | 23.286.113 |
| Vörukaup, almenn | 142.367.788 | 134.751.749 |
| | | |
| Rannsóknarstofuefni | 7.161.114 | 5.587.958 |
| Ýmsar sérgreindar vörur | 1.590.036 | 2.250.640 |
| Vörukaup, sérgreind | 8.751.150 | 7.838.598 |
| | | |
| Fundir, námskeið, risna | 9.546.384 | 9.830.036 |
| Ferðir, uppihald | 26.411.836 | 34.361.516 |
| Akstur | 32.167.251 | 34.691.537 |
| Sérfræðiþjónusta | 85.904.862 | 57.417.183 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 523.599 | 516.181 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 9.657.659 | 7.036.660 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 20.316.313 | 19.152.335 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 184.527.904 | 163.005.448 |
| | | |
| Samningsbundin kaup og leiga | 504.569 | 120.780 |
| Afnotagjöld | 107.018.418 | 101.194.243 |
| Leigugjöld | 386.114.473 | 380.863.213 |
| Notkun véla og flutningatækja | 3.084.330 | 2.273.365 |
| Verkkaup | 44.221.090 | 48.311.665 |
| Kostnaðarhlutdeild | 15.129.163 | 1.427.584 |
| Áhættutap og bætur | 1.699.247 | 619.549 |
| Tryggingar, lögboðnar | 362.672 | 408.018 |
| Opinber gjöld | 2.470.237 | 247.732 |
| Tilfærslur | 3.363.462 | 2.602.911 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 564.003.089 | 538.069.060 |
| | | |
| Vörukaup I | 20.659 | 0 |
| Vörukaup II | 0 | 3.683 |
| Birgðabreytingar, fullunnar vörur | (13.861.485) | 0 |
| Vörur til endursölu og birgðabreyting | (13.840.826) | 3.683 |
| | | |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 885.809.105 | 843.668.538 |

## Skýringar

| 8 Afskriftir | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h. | 43.124.100 | 37.908.941 |
| Lækninga- og rannsóknartæki | 1.187.889 | 1.432.137 |
| Farartæki og vélar | 212.354 | 212.354 |
| Sölutap og úreltar eignir | 5.305.253 | 0 |
| | 49.829.596 | 39.553.432 |

| 9 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | |
|---|---|---|
| Fjármagnskostnaður | 125.757 | 115.705 |
| Gengistap, endurmat | 5 | 3.235 |
| | 125.762 | 118.940 |

| 10 Varanlegir rekstrarfjármunir | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig: | | |
| Áhöld og búnaður | 178.184.156 | 186.358.709 |
| Farartæki og vélar | 1.167.949 | 1.380.303 |
| | 179.352.105 | 187.739.012 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:

| | Áhöld og búnaður | Farartæki og vélar | Samtals |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2018 | 309.215.609 | 2.123.540 | 311.339.149 |
| Viðbætur á árinu | 41.479.074 | 0 | 41.479.074 |
| Selt/niðurfært á árinu | (33.930.426) | 0 | (33.930.426) |
| | 316.764.257 | 2.123.540 | 318.887.797 |
| Afskriftir 1.1.2018 | 122.856.900 | 743.237 | 123.600.137 |
| Selt/niðurfært á árinu | (28.588.788) | | (28.588.788) |
| Afskrift ársins | 44.311.989 | 212.354 | 44.524.343 |
| | 138.580.101 | 955.591 | 139.535.692 |
| Staða 31.12.2018 | 178.184.156 | 1.167.949 | 179.352.105 |

| 11 Viðskiptakröfur | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 1.246.785 | 4.586.426 |
| - Niðurfærsla vegna tapsáhættu | 0 | 0 |
| | 1.246.785 | 4.586.426 |

## Skýringar

### 12 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| *Kröfur á tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 0 | 6.429.852 |
| Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs | 42.357.088 | 20.881.218 |
| Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga | 476.152.646 | 476.152.646 |
| | 518.509.734 | 503.463.716 |
| *Skuldir við tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 110.206.409 | 0 |
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 17.661.509 | 53.311.371 |
| | 127.867.918 | 53.311.371 |

### 13 Handbært fé

| | | |
|---|---|---|
| Sjóðir | 15.000 | 410.663 |
| Tékkareikningar | 40.405.382 | 43.994.247 |
| | 40.420.382 | 44.404.910 |

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 69,2 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til handbærs fjár.

### 14 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| **Hrein eign** | | |
| Jöfnuður 1.1. | (111.085.032) | (481.477.733) |
| Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar | 0 | 476.152.646 |
| Afkoma ársins | (39.695.582) | (105.759.945) |
| Jöfnuður 31.12. | (150.780.614) | (111.085.032) |

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 476,2 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

### 15 Ýmsar skammtímaskuldir

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Ógreitt orlof | 555.591.695 | 526.949.522 |
| Ógreidd laun | 0 | 47.305.434 |
| Önnur ógreidd gjöld | 429.286 | 711.524 |
| | 556.020.981 | 574.966.480 |

# Skýringar

## 16 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 179.352.105 | 187.739.012 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga | 12.658.351 | 0 |
| | 192.010.456 | 187.739.012 |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga-fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2018 | 187.739.012 | 0 | 187.739.012 |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins | 0 | 36.700.000 | 36.700.000 |
| Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga | 0 | 17.400.000 | 17.400.000 |
| Bókfært verð seldra eigna | (36.385) | 36.385 | 0 |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | 0 | 1.040 | 1.040 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 41.479.074 | (41.479.074) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | (49.829.596) | 0 | (49.829.596) |
| | 179.352.105 | 12.658.351 | 192.010.456 |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 43,2 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

## 17 Aðrar upplýsingar

*Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2038 og þjónustusamning ræstingu til 2020. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 177,1 milljónum og vegna þjónustusamnings kr. 22,8 milljónum.

*Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

*Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.